



SVAR

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Óskar J. Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins um kostnað á aðkeyptri þjónustu

Á fundi stafræns ráðs þann 28. janúar 2026, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Samfylkingar, Pírata, Sósíalístaflokks Íslands og Flokks fólksins um kostnað á aðkeyptri þjónustu, sbr. 5. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Hver er heildarkostnaður þjónustu- og nýsköpunarsviðs á árinu 2025, í fyrsta lagi vegna aðkeyptrar vinnu verktaka sem sinna viðveru á tækniborði og vettvangsþjónustu á skrifstofu upplýsingatæknipjónustu? Hver er heildarfjöldi stöðugilda slíkrar verktöku og skipting þeirra niður á tækniborð með fast aðsetur í Borgartúni og svo á vettvangi? Í öðru lagi vegna aðkeyptrar vinnu verktaka sem sinna kerfisumsjón og vöktun, hversu mörg stöðugildi þessara verktaka eru með fast aðsetur í Borgartúni? Í þriðja lagi, hversu mörg Microsoft leyfi aðkeyptir verktakar nota í störfum sínum fyrir Reykjavíkurborg? Loks er óskað eftir hversu mörg verkefni á sviðinu hafa verið unnin með aðkeyptri aðstoð utanaðkomandi ráðgjafa og verkefnastjóra, sem og skiptingu þeirra í erlenda ráðgjöf og innlenda ráðgjöf og hversu mörgum verkefnum sviðið hefur unnið að án þess að kaupa utanaðkomandi ráðgjöf.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 30. janúar 2026.

Svar:

Heildarkostnaður vegna verktaka í upplýsingatæknipjónustu á árinu 2025 er 286.713.858,- kr. vegna 1. stigs þjónustu og aðgangsmála og 98.034.391,- kr. fyrir 2. stigs þjónustu. Ekki er gerð krafa um tiltekinn fjölda stöðugilda heldur er skilgreint þjónustustig í þjónustusamningi. Fjöldi stöðugilda sem verktaki leggur til er breytilegur eftir árstíma og álagi, með mismunandi þörf á álagstímum. Þó er gerð krafa um lágmarksviðveru í húsnæði. Lágmarksviðvera er skilgreind í tímafjölda en umreiknað yfir í stöðugildi er lágmarksviðvera í 1. stigs þjónustu (síma- og vettvangsþjónustu) 8,7 stöðugildi og lágmarksviðvera í 2. stigs þjónustu (kerfisstjórn) 4,2 stöðugildi. Samkvæmt þjónustusamningi skal verktaki eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar leggja fram til samþykkis auðlindaáætlun fyrir mönnun næsta mánaðar. Í áætluninni skal m.a. koma fram áætlað vinnuframlag fyrir komandi mánuð sem og framgangur og staða fyrri auðlindaáætlunar.

Útvistun tryggir aukinn sveigjanleika og hagkvæma nýtingu fjármagns en tæknipjónusta innifelur mikla teygni. Reykjavíkurborg er einn stærsti vinnustaður landsins og auk þess tengjast um 14 þúsund nemendur kerfum borgarinnar. Þjónustan er því mjög álagstengd og sveiflukennd eftir tímabilum árs. Með útvistun er því unnt að bregðast hraðar við álagstoppum án þess að viðhalda stórum mannafla á tímum þegar álag er minna, og þannig stuðla að jafnvægi í mönnun og skilvirkari rekstri.





Þessir samningar eru jafnframt nýttir að hluta til verkefnavinnu, m.a. í tengslum við umbóta- og þróunarverkefni sem falla undir fjárfestingar. Með því móti er unnt að ráðast í verkefni sem ekki er til staðar nægur innri mannaflí til að sinna á hverjum tíma, án þess að auka varanlegan starfsmannafjölda.

Á árinu 2025 var fjöldi Microsoft-leyfa skráðra á verktaka á bilinu 250 – 270.

Yfirlit yfir fjölda verkefna á þjónustu- og nýsköpunarsviði, sundurliðað eftir aðkeyptri þjónustu (innlendri og erlendri) og verkefnum án aðkeyptrar þjónustu, árið 2025. Árið 2025 var engin ráðgjöf keypt, hvorki innlend né erlend:

	Fjöldi verkefna
Aðeins innri kostnaður	22
Aðeins erlendir birgjar	0
Aðeins innlendir birgjar	6
Innri kostnaður + innlendir birgjar	44
Innlendir birgjar + erlendir birgjar	3
Innri kostnaður + innlendir og erlendir birgjar	20
Samtals	95

F.h. þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Óskar J. Sandholt,
sviðsstjóri

